



Innkaupastefna Norðurþings

Það er stefna Norðurþings að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Norðurþing vinnur að því með eftirfarandi hætti:

Áhersla er lögð á að stjórnslá við innkaup sé vönduð, jafnræðis seljenda sé gætt og stuðlað að virkri samkeppni.

- Innkaup eru markviss og skipulögð og unnin eftir innkaupareglum sem eru skýrar og gagnsæjar.
- Innkaup stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins eru samræmd eftir föngum.
- Áður en innkaup eru gerð er þörfin vandlega yfirfarin út frá sjónarmiðum notenda.
- Við innkaup er tekið tillit til verðs, gæða, umhverfisáhrifa og vistferilskostnaðar.
- Kappkostað er að eiga góð samskipti við birgja, ekki síst í því skyni að finna nýjar lausnir sem geta leyst betur þarfir sveitarfélagsins á hagkvæman hátt.
- Innkaupastefna og innkaupareglur eru vel kynntar fyrir því starfsfólki sem kemur að innkaupum sveitarfélagsins.

Verklag við kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum er nánar útfært í innkaupareglum Norðurþings sem fylgja ákvæðum laga og reglna um innkaup. Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd, samræmingu og þróun innkaupa hjá sveitarfélaginu. Fjármálastjóri veitir aðstoð og er til ráðgjafar um innkaup.

Samþykkt í byggðarráði 26.11. 2020

Samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 01.12.2020

1) Skilgreining á vistferli í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016; Vistferill: Öll samfelld eða samtengd stig í tilveru vöru, þjónustu eða verkframkvæmdar frá öflun hráefnis eða framleiðslu á aðföngum fram að förgun, rýmingu eða lokum þjónustu eða notkunar. Þar með teljast rannsóknir og þróun, framleiðsla, viðskipti og skilmálar þeirra, flutningur, notkun og viðhald.